



Jafnlaunastefna Fjallabyggðar

1. Tilgangur

Tilgangur og markmið jafnréttisstefnu Fjallabyggðar er að stuðla að jafnrétti kynjanna í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá Fjallabyggð.

2. Umfang

Jafnlaunastefna Fjallabyggðar nær til allra starfsmanna.

3. Framkvæmd

Fjallabyggð leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og að nýta til jafns styrkleika kvenna og karla þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs félagsins njóti sín sem best og er það skjalfest með stefnu þessari. Stefna Fjallabyggðar er að vera vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu. Einnig að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni. Fjallabyggð skuldbindur sig til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna þannig samfélagsábyrgð. Fjallabyggð fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

4. Markmið

Jafnlaunastefnan og framkvæmd hennar er órjúfanlegur hluti af jafnréttis- og launastefnu sveitarfélagsins. Allir stjórnendur sveitarfélagsins skuldbinda sig að framfylgja henni en endanleg ábyrgð liggur hjá bæjarstjóra sveitarfélagsins.

Fjallabyggð skuldbindur sig til að:

- Fylgja lagalegum kröfum og reglum um launagreiðslur, kjör og jafnrétti
- Framkvæma launagreiningu árlega
- Halda úti menntunar- og hæfniskrá yfir starfsmenn sveitarfélagsins
- Bregðast við athugasemdum um órökstuddan launamun
- Framkvæma reglubundna innri úttekt á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins
- Fá hlutlausan utanaðkomandi aðila til að framkvæma ytri rýni að minnsta kosti einu sinni á ári
- Kynna jafnlaunastefnuna starfsfólki
- Hafa jafnlaunastefnuna aðgengilega almenningi
- Endurmeta stöðugt og betrumbæta jafnlaunakerfið í heild sinni



5. Innleiðing og rýni

Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármáladeildar ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðing og framkvæmd stefnunnar ásamt því að sjá til þess að stefnunni og jafnréttisáætluninni sé viðhaldið, hún rýnd og endurskoðuð árlega. Þá ber deildarstjóri stjórnsýslu og fjármáladeildar einnig ábyrgð á að fram fari rýni á árangri jafnlaunakerfisins árlega og að brugðist sé við ef þarf.

Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármáladeildar ber einnig ábyrgð á að skila skýrslum til æðstu stjórnenda um jafnlaunakerfið, gæði þess og skilvirkni, sem og tilmælum um úrbætur. Allir stjórnendur Fjallabyggðar skuldbinda sig til að framfylgja stefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnréttis- og jafnlaunastefnunnar.

Samþykkt í bæjarráði þann 29. október 2019